

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna framkomnu frumvarpi þar sem vinna sú sem unnin hefur verið í Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma fær ákveðna lagastoð.

Samtökin fagna tillögu um þrískiptingu svæða sem fram kemur í frumvarpinu, það er að svæði verði flokkuð í nýtingarflokk, biðflokk og verndunarflokk. Teljum við að þessi flokkun gæti verið grundvöllur til betri sáttu um það mikilvæga mál sem raforkuvinnsla og sambúð hennar við aðra atvinnuvegi og þjóðina alla er.

Víða getur ferðamennska og orkuvinnsla farið vel saman eins og dæmin sanna. Önnur svæði er mikilvægt að séu sem allra minnst röskuð og þar getur þróast önnur gerð ferðamennsku sem er mikilvæg fyrir áframhaldandi þróun Íslands sem ferðamannalands. Á svæðum sem fara í verndarflokk getur önnur nýting og uppbygging, einkum í tengslum við ferðamennsku, átt sér stað á eigin forsendum. Skipulagning og uppbygging verði með það að leiðarljósi að vernda svæðin betur svo koma megi í veg fyrir að þau spillist af völdum ferðamanna og nýtist þannig komandi kynslóðum.

Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið og stefna að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru. Náttúruverndaráætlun, Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma auk væntanlegrar Landnýtingaráætlunar ferðaþjónustunnar þurfa að hafa samhljóm og samþættingu svo vel megi fara. Staða þessara áætlana er í dag óljós og veldur það óvissu og spennu.

Þá telur SAF nauðsynlegt að eyða allri óvissu um það hvort virkjunarframkvæmd geti samkvæmt lögum samrýmt þjóðgarði og/eða friðlandi.

Athugasemd við 8. gr Verkefnisstjórn

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir sex manna verkefnastjórn og verði tveir tilnefndir af umhverfisráðherra, einn af mennta og menningarmálaráðherra, einn af Samtökum íslenskra sveitarfélaga og iðnaðarráðherra skipi tvo án tilnefningar. SAF telur mjög mikilvægt að eiga fulltrúa í verkefnisstjórninni. Ljóst er að hagsmunir ferðaþjónustu eru mjög miklir í þessu starfi engu síður en náttúruverndar og verndunar menningarmínja. Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem mestra hagsmuna á að gæta í þessu starfi, fyrir utan orkufyrirtækin. Má þar m.a vísa í að ferðamennskan er langsamlega mikilvægasti þátturinn í mati faghóps II í 2. áfanga Rammaáætlunar, Ferðaþjónusta, útivist og hlunnindi, en þar giltu niðurstöður ferðamennsku 82%.

Athugasemd við 10. gr Verklag og málsmeðferð

Í fyrstu málsgrein er talað um að verkefnisstjórn leiti umsagna hjá Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins um hvort fyrirbyggjandi gögn varðandi einstaka virkjunarkosti séu nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til. Samtök ferðaþjónustunnar leggja til að við þetta verði bætt Ferðamálastofu. Skort hefur á að gögn varðandi ferðamennsku í starfi við Rammaáætlun fram til þessa og tryggja þarf meiri fagmennsku á því sviði framvegis. Því væri til bóta að Ferðamálastofa bættist hér við og ekki verður séð annað en að það falli innan hlutverks hennar samkvæmt lögum.

Ferðaþjónustan er í dag einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og því leggja samtökin á það mikla áherslu að ferðaþjónustan verði áfram í lykilhlutverki varðandi þróun Rammaáætlunar með það að markmiði að góð samstaða náist um nýtingu landsins og verndunar þeirra svæða sem skila þjóðarþúinu mikilli arðsemi í tengslum við ferðaþjónustu.

Fulltrúar SAF eru ávallt reiðubúnir til að mæta til umræðna um þessi mikilvægu mál.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri